

8. Fundur í starfshóp um bættar starfsaðstæður í leikskóla haldinn þann 2. maí 2018

Mættir: Haraldur F. Gíslason, Steinunn Jónsdóttir, Hörður Svavarsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Svava Björg Mörk, Fanney Dórothe Halldórsdóttir fræðslustjóri og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir og Helga Hrönn Óskarsdóttir.

Fundur hófst kl. 10.00

Þetta er lokafundur starfshópsins.

Fræðsluráðsfundur haldinn í dag en enginn erindi beint frá hópnum en einstök mál tekin fyrir ss. 35 stundavinnuvikan og settar upp sviðsmyndir varðandi útreikninga á barngildum og fermetrafjölda skóla.

Að 6 tíma tillaga tekinn sem einstakt mál, þegar hún verður tilbúin þá lítið mál að gera heildarskýrslu

Önnur skýrsla sem heitir lokaskýrsla hópsins.

Að samþykka tillögu á þessum fundi sem færi inn í tillöguna.

Starfshópurinn leggur því til að Fræðsluráð samþykki tillögu um breytingu á gjaldskrá í þá veru að sex tíma leikskóladagur verði gjaldfrjálts, með það að markmiði að draga úr dvalartíma barna og bæta starfsaðstæður þeirra og starfsfólks.

Stýrihópur ætlar að hittast á þriðjudaginn 8. maí og þá verða skýrslurnar tilbúnar.